

Fyrirfundnir fémunir í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar

ÚTGEFANDI
Már Jónsson



Þekkingarsetur og Safnahús
VESTMANNAEYJUM 2017

© 2017 Már Jónsson
Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Bókin er sett úr 9,3 pkt. Melior á 14,2 pkt. fæti
Hún er prentuð á 100 g Book Design pappír
Umbrot og kápa: Sverrir Sveinsson
Prentun og bókband: Oddi

ISBN 978-9979-9739-7-3

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Byggðin	8
Lífskjör	16
Útgáfan	23
 Textar	 31
1. Sigurður Magnússon í Háagarði	33
2. Ingigerður Árnadóttir í Nýjabæ	38
3. Jón Jónsson í Góðvön	49
4. Jón Oddsson í Þorlaugargerði	53
5. Guðfinna Þorsteinsdóttir í Kornhól	58
6. Hans Guðmundsson í Presthúsum	65
7. Magnús Jónsson á Vilborgarstöðum	69
8. Sæmundur Sæmundsson á Nýjabæjarhjalla	72
9. Arngrímur Hólm	77
10. Børre Sivertsen á Góðvön	81
11. Hans Christian Rasmussen á Góðvön	85
12. Magnús Sveinsson á Góðvön	87
13. Þórður Jónsson á Oddsstöðum	91
14. Margrét Vigfúsdóttir á Gjabakka.....	93
15. Guðmundur Jónsson á Vilborgarstöðum	97
16. Emerentíana Sæmundsdóttir á Vilborgarstöðum	103
17. Daníel Bjarnason í Steinmóðarhúsi	109

18. Sólrún Bjarnadóttir á Vilborgarstöðum	114
19. Ragnheiður Böðvarsdóttir á Kastala	121
20. Bjarni Þórðarson í Löndum.....	124
21. Margrét Þóroddsdóttir í Háagarði	128
22. Oddur Ögmundsson í Kirkjubæ.....	132
23. Arnbjörg Hallvarðsdóttir í Kirkjubæ.....	138
24. Margrét Gísladóttir í Steinmóðarhúsi	144
25. Halldór Ásmundsson í Stóragerði	146
26. Guðmundur Runólfsson í Norðurgarði.....	152
27. Jón Eyjólfsson í Sjólyst	154
28. Ketill Marteinsson á Ömpuhjalli	157
29. Þurður Björnsdóttir í Götu.....	163
30. Guðrún Þorvaldsdóttir í Vesturhúsum	168
31. Þorbjörg Jónsdóttir á Oddsstöðum.....	172
32. Christian Jacob Kemp í Góðvon	183
33. Helga Jónsdóttir á Kirkjubæ	204
34. Ingibjörg Einarisdóttir í Hólshúsi	209
35. Jón Sveinsson í Brekkuhúsi	213
36. Guðrún Magnúsdóttir á Kirkjubæ	217
37. Helga Ólafsdóttir á Kirkjubæ	221
38. Jón Ögmundsson á Kirkjubæ	227
39. Anna Bjarnadóttir á Oddsstöðum	232
40. Eyjólfur Þorbjörnsson á Búastöðum	236
 Aftanmálgreinar	 247
Heimildaskrá	259
Atriðaskrá	265

Inngangur

Menn sjá skýra mynd af Vestmannaeyjum, svo sem þær birtast á hafi úti ... ef þeir hugsa sér misstórar keilur, kúlur og teninga í hnapp.

Jónas Hallgrímsson 1837.¹

Rekkvoðir tvær og brekán, undirdýna og svefnpúði, tvær skyrtur og blá peysa, bláir sokkar og sokkabönd, blár upphlutur og bláröndótt svunta, upphlutslaust fat og annað betra, gamlar buxur. Kistill, kirna og lár með rusli. Askur, spónn, sleif og sjálfskeiðungur. Þetta var aleiga Ragnheiðar Böðvarsdóttur, sem lést níræð í tómthúsinu Kastala í Vestmannaeyjum 15. september 1836, dóttir sýslumanns og tvígift á yngri árum, en niðursetningur til margra ára. Réttu ári fyrr druknaði Þórður Jónsson, 26 ára smiður og sjómaður, sonur annars sýslumanns í Eyjum. Líkið fannst ekki og af fatnaði voru eftir slitin skyrtu og dökkt klæðisvesti. Þórður bjó hjá móður sinni á Oddsstöðum og hefur hún lagt honum til sængurföt. Eignir hans voru koparpottur og lár, en aðallega nokkuð af verkfærum, sem voru vinkill með tveimur borum, skaröxi og strengsög, hefill og hefiljárn sem vantaði naglann, höggjárn og smálöð (sjá hér á eftir nr. 13 og 19). Skrár sem þessar eru til um eftirlátnar eigur mörg þúsund Íslendinga í öllum landshlutum frá lokum 18. aldar og út 19. öldina, ungra sem

1 Ritverk Jónasar Hallgrímssonar II, bls. 289–290.

aldinna, giftra og ógiftra, niðursetninga og vinnufólks, bænda, embættismanna og kaupmanna. Þær gefa innsýn í hversdagsleika fólks og harða lífsbaráttu. Þórður freistaði þess að sjá fyrir sér með smíðum og sjómennsku, en var öreigi. Öðrum gekk betur og eru dæmi um það í þessari bók, sem geymir skrár yfir eignir 40 eyjarskeggja frá árunum 1833–1840 eða það sem í textunum kallast „fyrirfundnir fjármunir“. Markmiðið er að bregða birtu á lífshætti og menningu íbúa í Eyjum nokkru áður en uppgangur atvinnulífs hófst fyrir alvöru um aldamótin 1900, sem lauk með þeirri almennu velsæld sem nú blasir við. Í inngangi verður farið nokkrum orðum um byggð, fjölsfjölda og lífskjör, en jafnframt útskýrð tilurð gagna og rætt um frágang texta til útgáfu.

Byggðin

Hér verður ekki tekin afstaða í áköfum og sjálfsagt óleysanlegum ágreiningi um landnám í Vestmanneyjum á 9. öld eða fyrr, heldur látið duga að nefna að fyrir miðja 12. öld eignaðist Skálholtsstóll eyjarnar og stóð víst til að setja þar klaustur. Ekkert varð úr því og næst er vitað að í byrjun 15. aldar hafði konungur fengið full yfirráð yfir eyjunum, líklega nokkru fyrr. Ekki er vitað hvernig það bar til.¹ Eftir var til verslunar í umboði konungs árið 1558 og tóku danskir kaupmenn hana á leigu árið 1601; voru fiskafurðir vitaskuld mikilvægastar. Einnig hafði konungur tekjur af útgerð og leigu á bátum til bænda vegna vöruflutninga, auk þess sem bændur greiddu landskuld af ábyli sínu. Sátu í Eyjum sérstakir umboðsmenn konungs sem önnuðust rekstur og innheimtu. Ystiklettur var tekinn eignarnámi undan Kirkjubæ nokkru eftir

1 Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 9–11; Jóhann Gunnar Ólafsson, „Saga Vestmannaeyja“, bls. 78–79.

miðja 16. öld, gegn súlnaveiði í Brandi og Geldingaskeri, og leigðu bændur beit þar framvegis, auk þess sem umboðsmaður konungs var með kindur sjálfur.¹

Undir lok 16. aldar var það fyrirkomulag fastmótað að jarð-næði á Heimaey miðaðist við kýrfóður, en ekki jarðarhundrað líkt og á fastalandinu, og var hver ábúð tvö kýrfóður. Samanlagt voru kýrfóðrin 98 og hélst skipting þeirra á jarðir í megindráttum fram yfir miðja 19. öld, en riðlaðist vitaskuld í meðförum, svo sem sjá má í jarðabók yfir Vestmannaeyjar sem Árni Magnússon tók saman vorið 1704. Niðurgirðing lá utan um kaupstað-inn og hafði að auki fjórar ábúðir með átta kýrfóður, sem voru Kornhóll, Miðhús og Gjábakki. Í Uppgirðingu austur með sjón-um voru 26 ábúðir með 52 kýrfóður; þar voru Vilbargarstaðir, Háigarður, Oddsstaðir, Búastaðir, Ólafshús, Vesturhús, Nýibær, Presthús og Kirkjubær, en þar bjó annar presturinn afgjaldslaut við sex kýrfóður. Í Ofanbyggjaragirðingu, ofan hrauns, voru 13 ábúðir með 26 kýrfóður: Norðurgarður, Brekkuhús, Gvendarhús, Steinsstaðir, Þorlaugargerði, Svaðkot og sjálft Ofanleiti, þar sem hinn presturinn bjó við átta kýrfóður. Stakar jarðir voru Stakkagerði, Dalir og Stóragerði með 12 kýrfóður alls.² Að auki voru tómthús eða þurrabúðir niðri við höfnina, þar sem menn lifðu af fiskveiðum og fiskverkun en héldu ekki fé, eða eins og séra Jón Austmann orðaði það í sóknarlýsingu sinni árið 1843: „Umhverfis vestari höndlunarstaðinn er réttnefnd þvaga af tómthúsum, fiskhjöllum og króm.“ Hann nefndi 24 tómthús á nafn,

1 Pétur G. Kristjánsson, *Tengsl framleiðslu og markaðar*, bls. 44–45, 59–60.

2 Pétur G. Kristjánsson, *Tengsl framleiðslu og markaðar*, bls. 87; *Jarðabók I*, bls. 3–17; Jón Austmann, „Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar“, bls. 122–123; sbr. Guðjón Ármann Eyjólfsson, *Vestmannaeyjar. Byggð og eldgos*, bls. 61–65; Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir, *Fornleifaskráning fyrir Vestmannaeyjar*, bls. 26–30, 58–80.

sem ætla má að hafi þá verið í ábúð. Þau voru annars mismörg eftir árferði og gátu breytt um hlutverk, orðið hjallur eða verbúð og öfugt. Þannig voru aðeins fjögur tómthús í byggð árið 1824 en 18 fimm árum síðar.¹ Tvær verslanir voru í kaupstaðnum. Westy Petræus rak svonefnda Garðverslun frá lokum 18. aldar og lést í Kaupmannahöfn 16. september 1828. Sören Jacobsen tók við og seldi Gísli Símonarsyni helminginn 9. janúar 1832. Gísli keypti hinn helminginn þremur árum síðar og Jens Jakob Benedictsén allt saman 15. febrúar 1838. Niels Nikolai Bryde var verslunarstjóri árin 1830–1838 og kemur víða við sögu í þessari bók, en keypti verslunina vorið 1844. Árið 1829 fékk Jakob P.C. Knudtson leyfi til að reka aðra verslun í Góðvon (Godthaab) og var H.E. Thomsen verslunarstjóri.² Christian Jakob Kemp tók við starfinu vorið 1833 (sjá hér á bls. 183).

Þann 16. júní 1813 var efnt til uppboðs á jarðagóssi konungs, öðru en verslunarlóðum og prestssetursjörðum, og aftur 14. júlí 1817, en ekki varð úr sölunni. Tilraunin var í samræmi við þá stefnu konungs að selja jarðeignir sínar í landinu og var hugmyndin meðal annars að stuðla að sjálfsábúð bænda.³ Enn var reynt 24. júní 1834 og buðu menn frá 225 rd. til 330 rd. í hverja jörð, oftast 240 rd., en 1050 rd. í Ystaklett; samanlagt 11,850 rd. Kaupmenn voru atkvæðamestir, þá Eyjólfur Þorbjörnsson hreppstjóri og séra Jón Austmann, en aðeins Einar Sigurðsson á Vilbargarstöðum og Guðmundur Sigurðsson á Oddsstöðum buðu

1 Jón Austmann, „Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar“, bls. 117; Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 23, 139; sbr. *Jarðabók* I, bls. 19–23.

2 Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 215–221.

3 Þf. Sýsluskjalasafn. Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, laust hefti, merkt nr. 1155, á milli bls. 166 og 167. Númerið vísar til Vestm. A/1, 1. Bréfadagbók 1821–1837, nr. 1155, þar sem skráð er móttaka á afriti uppboðsgjörða frá 1813–1817. Um sölu konungsjarða í Borgarfirði, sjá *Hvítan jökul, snauða menn*, bls. 33.

í ábýlisjarðir sínar. Dönsk stjórnvöld voru ekki ánægð með tilboðin og ákváðu 27. september 1834 að samþykkja ekki söluna. Vestmannaeyjar voru því ríkiseign þar til bærinn keypti allt land 10. maí 1960.¹

Vorið 1703 voru íbúar í Eyjum 330 talsins, en höfðu áreiðanlega verið eitthvað á fimmta hundraðið fyrir Tyrkjaránið árið 1627, að 234 íbúar voru numdir á brott og ekki færri en 34 drepnir.² Árið 1762 hafði þeim fækkað í 276 og var konungsútgerðin þá líka illa stödd; árið 1759 voru aðeins átta bátar af fjórtán gerðir út og sjö árið eftir.³ Eyjamenn voru samt brattir og höfðu árið 1745 stofnað barnaskóla sem þeir ráku að mestu leyti á eigin kostnað fram undir 1770. Nokkurs uppgangs gætir svo í því að á árunum 1774–1778 var byggð ný Landakirkja úr steini. Vestmannaeyjar voru einn af sex kaupstöðum sem stofnað var til með konungsbréfi 18. ágúst 1786 og var mælt út fyrir lóðinni vorið eftir. Leyfið var tekið aftur árið 1807, þegar sýnt þótti að kaupstaðurinn stæði ekki undir nafni.⁴ Íbúar eyjanna höfðu þá aldrei verið færri, því samkvæmt manntali 6.–9. júlí 1801 voru í Ofanleitissókn aðeins 72 íbúar og 84 í Kirkjubæjarsókn, samanlagt 156 manns eða innan við helmingur þess sem hafði verið hundrað árum fyrr. Árið 1816

1 Þ.Í. Sýsluskjalasafn. Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 161–166 (uppboðsskilmálar liggja þar lausir); Vestm. A/1, 1. Bréfadagbók 1821–1837, nr. 1310; Vestm. C/1, 3. Bréfabók 1833–1840, nr. 174. Sjá einnig Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 313–314; Guðjón Ármann Eyjólfsson, *Vestmannaeyjar. Byggð og eldgos*, bls. 65.

2 Þorsteinn Helgason, *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins*, bls. 12.

3 Pétur G. Kristjánsson, *Tengsl framleiðslu og markaðar*, bls. 71, 82.

4 Þorsteinn Þ. Vígundsson, „Saga barnafræðslunnar í Vestmannaeyjum. Fyrsti barnaskóli á Íslandi 1745–1766“; Jes Anders Gíslason, „Kirkjurnar í Vestmannaeyjum frá kristnitöku árið 1000 til vorra daga“, bls. 14–15; Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* I, bls. 80–82; II, bls. 210–215; Jóhann Gunnar Ólafsson, „Saga Vestmannaeyja“, bls. 83–84.

hafði íbúum þó fjölgað nokkuð og voru 113 í Ofanleitissókn og líklega 99 í Kirkjubæjarsókn eða 212 samanlagt.¹

Íbúum fjölgaði áfram og voru orðnir 281 árið 1832 en 354 átta árum síðar; sjá töflu 1. Prestar tóku sóknarmannatöl við húsvitjun í desember og skráðu íbúa á hverju heimili með nafni. Séra Páll Jónsson í Kirkjubæ gerði þetta reyndar ekki árin 1831 og 1833, þannig að þar eru eyður. Sóknirnar voru sameinaðar með konungsúrskurði 7. júní 1837 og þjónaði séra Jón Austmann báðum eftir það. Til gamans fylgja í síðasta dálki óáreiðanlegri tölur úr manntalsbók sýslumanns um skatta og skyldur, sem var tekin saman í júní eða júlí ár hvert og tilgreinir fjölda heimilismanna.

Þéttbýli var meira í Vestmannaeyjum en víðast hvar á landinu. Sé miðað við manntal í byrjun árs 1835 voru eyjarskeggjar 298 talsins. Til samanburðar voru þá í Reykjavíkursókn 1198 íbúar og bjó kannski helmingur þeirra í sjálfum kaupstaðnum og nærliggjandi þurrabúðum. Í Garðasókn voru 538 íbúar og nærri helmingur þeirra í Hafnarfirði. Á Ísafirði og Akureyri bjó ríflega hálf hundrad manna og í Flatey á Breiðafirði voru 116 íbúar.² Ekki er samt beinlínis hægt að kalla Vestmannaeyjar þorp, því byggðin var í þremur hverfum og nokkuð dreifð.

Fólksfjölgun í Eyjum á fyrri hluta 19. aldar var ekki náttúrleg í þeim skilningi að fleiri fæddust en létust, því ætla má að frá og með 1785, þegar tölur liggja fyrst fyrir, hafi tvö af hverjum þrem-

1 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 183–187; *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 271–276. Ekki er til íbúaskrá Kirkjubæjarsóknar árið 1816 og í útgáfunni er hún endurgerð eftir sóknarmannatölum. Vert er að nefna að fjöldi fólks lést í Eyjum kjölfar móðuharðindanna árin 1785–1786 úr landfarsótt, bólusótt og skyrbjúg, en líka úr hor og vesöld; sjá Þf. Kirknasafn. Vestm. BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 93–100.

2 *Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*, manntal.is. Ég þakka Þjóðskjalasafni fyrir afnot af excel-skjali yfir manntalið 1835 sem nýttist vel við smíði þessarar bókar.

Tafla 1. Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar

Ár	Ofanleiti	Kirkjubær	Samtals	Manntalsbók
1831	145	—	—	225
1832	147	134	281	257
1833	158	—	—	237
1834	169	122	291	251
1835	151	137	288	233
1836	180	156	336	231
1837			320	270
1838			318	264
1839			341	274
1840			354	242

Heimildir: ÞÍ. Kirknasafn. Vestm. BC 1. Sóknarmannatal Ofanleitis 1812–1836, bls. 116, 128, 142, 154, 168, 185; Vestm. BC 2. Sóknarmannatal Kirkjubæjar 1828–1843, bls. 14–64, 80, 113, 147, 173, 205; Sýsluskjalasafn. Vestm. LD/1, 1. Manntalsbók 1831–1853, bls. 1–40.

ur börnum sem fæddust þar látist úr ginklofa eða stífkrampa (*tetanus neonatarum*), margfalt fleiri en annars staðar á landinu. Reyndar tókst að komast fyrir ginklofann eftir að danski lækni-irinn Peter Schleisner, sem kom til Eyja 2. júlí 1847, fór af eigin hugkvæmni að hreinsa naflastreng nýfæddra barna með sáraolíu úr brasilískum trjávið (*balsamum copaiba*). Hann gerði sér þó enga grein fyrir tilvist stífkrampabakteríunnar (*clostridium tetani*) sem þrífst í mold, ryki, leðju og saur en berst í sár sé ekki fyllsta þrifnaðar gætt og ræðst á hreyfifrumur miðtaugakerfisins. Meðal barna gera einkennin vart við sig á fyrstu dögum og þau deyja innan tveggja vikna. Að mati Schleisners voru orsakavaldarnir þröng húsakynni og léleg loftræsting, slæmt neysluvatn,

nábýli manna og skepna, fylafiður í sængum og nýting fuglabeina til eldunar og upphitunar, auk hlandfora við bæi og lýsisbræðslu.¹ Áberandi fá börn voru af þessum sökum í Vestmannaeyjum; snemma árs 1835 aðeins 27 börn tíu ára og yngri eða 9% íbúa miðað við 14702 á landinu öllu af 55794 íbúum eða 26%. Í formálum hér sést hvernig ginklofinn birtist með átakanlegum hætti í fjölskyldum; til dæmis eignaðist Helga Ólafsdóttir 14 börn á árunum 1822–1838 og lifðu tvö (sjá bls. 221 og atriðaskrá á bls. 265). Þetta mótaði mannlíf og hugarfar fólks, sem til dæmis birtist í gagnkvæmri erfðaskrá hjónanna Rakelar Bjarnhéðinsdóttur (1794–1856) og Bjarna Stefánssonar (1790–1855) á Búastöðum 4. júní 1831, sem þá höfðu misst tvö börn og bjuggust ekki við að verða barna auðið „vegna þess svokallaða ginklofa sem geisar hér á eyjunni.“²

Eyjarnar voru því háðar aðflutningi fólks úr nágrannasveitum, sem hægt er að meta út frá prestsþjónustubókum. Þannig fluttust ekki færri en 100 manns af fastalandinu til Ofanleitssóknar árin 1817–1824 á meðan 60 fluttu frá Eyjum. Sex einstaklingar voru að jafnaði aðfluttir árin 1831–1836 og þrír brottviknir; engir fóru árin 1827, 1828, 1831 og 1836. Árin 1838–1840 fluttu 26 manns til Eyja og ellefu fóru.³ Ætla má að væntingar um viðunandi afkomu hafi ráðið ferðinni, hvað sem leið ungbarnadauða.

1 Baldur Johnsen, „Ginklofinn í Vestmannaeyjum“, bls. 4–17, 24–34; Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the child*, bls. 108–121; Ólöf Garðarsdóttir og Loftur Guttormsson, „Public health measures against neonatal tetanus on the island of Vestmannaeyjar (Iceland) during the 19th century“; Gunnhildur Hrólfsdóttir, *Þær þráðinn spunnu. Afrek kvenna í aldanna rás*, bls. 12–19.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. HD/1, 1. Notarialbók 1831–1857, bls. 2–3. Um þau hjónin, sjá *Vef. Víglundur Þór Þorsteinsson, Æviskrár Eyjafólks*.

3 ÞÍ. Kirknasafn. Vestm. BA 2. Prestsþjónustubók Ofanleitis 1816–1839, bls. 64–77; Vestm. BA 4. Prestsþjónustubók Kirkjubæjar 1816–1845, bls. 72–75, 82–83.

Lífskjör

„Það liggur við, þó Eyjarnar séu einhver lífvænlegasti kjálki landsins, að ókostirnir hafi yfirhönd.“¹ Þetta skrifaði séra Jón Austmann í lýsingu sóknarinnar sem hann sendi Hinu íslenska bókmenntafélagi sumarið 1843 og hafði þá verið prestur í Vestmannaeyjum í 17 ár, fyrst í Ofanleitissókn á móti séra Páli Jónssyni í Kirkjubæ en frá 1837 í sameinuðu prestakalli. Hann útskýrði niðurstöðu sína betur og nefndi fyrst ginklofann „sem lengi hefur og lengstum mun olla eyjunni óbætanlegum skaða.“ Næst kom að margir hröpuðu úr björgum eða drukkuðu við veiðar „annað hvort áður eða þá þegar af þeim er mest von“. Veigaminni ókostir voru smjörskortur sökum þess að kýr mjólk- uðu illa vegna landþrengsla og hátt verð á skinni sem þurfti til sjóklæðagerðar og í vaði til bjargnytja. Torfskurður til húsagerðar var lélegur og skortur á eldivið olli því að tað var notað til upphitunar en ekki sem áburður á tún. Vatnsleysi var viðvarandi og uppsprettur lélegar eða fjarri byggð. Sjaldan var fært til fastalandsins og fyrir vikið voru eyjarskeggjar háðir tveimur kaupmönnum um alla hluti. Lausakaupmenn voru hættir að koma og íbúar höfðu ekki „samheldni á að vera sér úti um haffær skip ... á hverjum þeir geti flutt varning sinn þangað, sem betri kostir eru boðnir.“² Helstu kostirnir eyjanna, aftur á móti, voru fiskveiðar, fuglaveiði og fjárbeit, sem þó var takmörkunum háð vegna vaxandi uppblásturs og sandfoks. Þessum jákvæðu atriðum hafði séra Jón þegar lýst vandlega í ritsmíð sinni og að öllu samanlögðu var hann harla ánægður með heimkynnin. Í ritgerðarlok kvaðst hann hafa talað út „um mínar fögru, skemmtilegu og arðsömu, en þó annmarkafullu Vestmannaeyjar“ og fullyrti „að með útskýr-

1 Jón Austmann, „Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar“, bls. 152.

2 Jón Austmann, „Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar“, bls. 153.

ingu þessari“ væri lagður góður grundvöllur fyrir þá „sem að bæta kynnu vilja upp á verkið.“¹ Það ætlaði Jónas Hallgrímsson einmitt að gera, sem var í Eyjum dagana 3.–13. júní 1837 og mun hafa gist hjá séra Jóni. Einkum skoðaði hann grjót og fugla en í stuttri lýsingu eyjanna nokkrum árum síðar, sem átti að verða hluti af fullkominni Íslandslýsingu, ræðir hann sauðfjárbúskap og fuglaveiðar, fiskþurrkun og uppsátur skipa, auk vatnsbólsins Vilpu sem „spillir lífi og heilsu og siðferði og öllum framförum Vestmannaeyinga.“ Kaupstaðinn og byggðina hugðist hann ræða „í þeim flokki bókar vorrar sem hljóðar um bygging landsins.“ Því miður entist honum ekki aldur til að ljúka verkinu.²

Hægt væri að skrifa viðamikla haglýsingu Vestmannaeyja út frá tiltækum skjölum, en aðeins fáein atriði verða nefnd hér. Árið 1787 voru 44 mjólkandi kýr í Eyjum og einni fleiri árið 1825, en 53 áratug síðar. Árið 1832 voru þar um 1100 fjár en höfðu verið verið 900 árið 1787, lömb meðtalin.³ Garðrækt var nokkur, enda hafði áður nefndur Bjarni Stefánsson á Búastöðum lært til verka erlendis um 1820 og veitti öðrum leiðsögn. Stjórnvöld sendu ókeypis fræ og má nefna að í júní 1834 fengu 44 karlar og tíu konur afhent fræ af rófum, grænkáli og næpum. Tveimur árum síðar þáðu bara 14 karlar fræ og var útskýring hreppstjóra þessi: „Vegna þess eru svo fáir áskrifendur að kálfræið kom svo seint að þeir sáu sér ekki not að brúka það.“⁴ Árið 1831 veiddust 80 þúsund lundar og svipaður fjöldi átta árum síðar, en árið

1 Jón Austmann, „Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar“, bls. 162.

2 *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* III, bls. 136–137; sjá um ritgerðina í IV, bls. 487–488.

3 Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 25, 37.

4 *ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1242, 1485; sbr. um árið 1832 í Vestm. C/1, 2. Bréfabók 1831–1833, nr. 114; Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* I, bls. 198.*

1856 var aflinn orðinn 330 þúsund fuglar. Beitt var greflum, sem voru stangir með járnkrók, stuttum eða löngum eftir atvikum. Var lundinn dreginn út úr holunum, sem jafnvel voru stungnar upp með skóflu eða hælunum.¹ Fýlaveiði var umtalsvert minni og má taka dæmi af Halldóri Ásmundssyni í Stóragerði, sem árið 1835 varð uppvís að því að hafa tekið fýl við Sigmundarstein í óleyfi (sjá hér á bls. 146–147). Árið 1834 náði hann 240 fýlum og 2400 lundum á meðan sambýlismaður hans Páll Jensson tók 260 fýla og 1080 lunda, en aðrir bændur allt frá 45 til 380 fýla og frá alls engum lunda til 2880. Séra Jón Austmann tók eða lét taka 3600 lunda og 1320 fýla en Abel sýslumaður 9600 lunda og engan fýl.² Má nefna líka að haustið 1839 voru nokkrir menn frá Dölum og Norðurgarði sektaðir fyrir að hafa drepði ekki færri en 110 fýla í Flugum og Lambaskorum í landi Kirkjubæjar.³

Árið 1831 áttu 19 bændur tvo teinæringa og þrjá áttæringa í sameiningu, en smærri bátar voru um 20 talsins. Kaupmenn gerðu út nokkur þilskip til hákarlaveiða og þorskveiða.⁴ Í skýrslu til amtmanns 1. júlí 1836 harmaði sýslumaður leiðinda veður allt frá áramótum og viðvarandi vætutíð um vorið, þannig að saltfiskur þornaði illa og spilltist. Góður þurrkur vikurnar á undan bætti þetta upp, en afli hafði almennt ekki verið góður og fiskurinn smár. Hákarlaveiði á þilskipum hafði aftur á móti gengið vel og lundaveiðin sömuleiðis, en æðarvarp fór minnkandi með

1 Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 61; Guðjón Ármann Eyjólfsson, *Vestmannaeyjar. Byggð og eldgos*, bls. 73.

2 Þf. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1332. Fuglaveiðiframtal fyrir árið 1838 er í Vestm. B/48. Bréf 1836–1840, nr. 204, og fyrir árið 1839 í Vestm. B/47. Bréf 1836–1840, nr. 397; sbr. Vestm. A/1, 2. Bréfadagbók 1837–1856, nr. 204, 397.

3 Þf. Sýsluskjalasafn. Vestm. GA/1, 1. Auka-, gesta- og lögregludómabók 1821–1852, bls. 258–268, 272–279.

4 Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 87–88.

1887. 10. 20.

Liste
yfir fugla þann tal á Vestmannaeyjum
árið 1838

Boa nefn	Buena nefn	Lunn	Ritug	Riska tal
Mithus	Sigurdur Jónsson	10 H ^r	2 H ^r	16
Gabaka	Jón Einarsson	30 H ^r	2 H ^r	13
	Gudmundi Haraldsson	15 H ^r	2 H ^r	8
vilberg	Kristin Ingera Dóttir	12 H ^r	2 H ^r	8
	Gisle Amundsson	10 H ^r	2 H ^r	7
	Jón Sigurðsson	11 H ^r	2 H ^r	8
	Þoriníólfur Jónsson	6 H ^r	1 H ^r	2
	Magnus Blafsson	16 H ^r	2 H ^r	8
	Jón Pálsson	—	1 H ^r	1
	Arni Jónsson	14 H ^r	1 H ^r	6
	Eiríkur Eiríksson	6 H ^r	2 H ^r	5
	Einar Sigurðsson	20 H ^r	2 H ^r	10
kaagar	Magnus Sigurðsson	8 H ^r	2 H ^r	5
	Sigurður Jónsson	10 H ^r	1 H ^r	5
lírhúsa	Þorstein Þorsteinsson	—	1 H ^r	1
	Jón Sveinsson	8 H ^r	1 H ^r	4
	Olafur Gudmundsson	9 H ^r	2 H ^r	6
	Arne Þorbiörnsson	10 H ^r	1 H ^r	4
	Eiríkur Hansson	20 H ^r	1 H ^r	8
	Jörgelundur Magnúsdóttir	8 H ^r	2 H ^r	5
	Sigurdur Guðnaðsson	3 H ^r	2 H ^r	3
	Sigurdur Einarsson	16 H ^r	2 H ^r	8
	Petrus Petrusson	16 H ^r	1 H ^r	7
	Jón Egmundsson	8 H ^r	1 H ^r	4

Hluti úr fuglaveiðiframtali í Vestmannaeyjum fyrir árið 1838. Talið var fram í stórum hundruðum sem jafngiltu 120 fuglum hvert. Heimild: ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/48. Bréf 1836–1840, nr. 204. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.

hverju árinu vegna eggjatöku.¹ Afurðir ársins 1836 voru sendar frá Eyjum í sjö ferðum á tímabilinu 25. maí til 8. september og fór eitt skipið beint til Bilbao á Spáni 24. júlí með 380 skippund af saltfiski („Klipfisk“) eða rúm 60 tonn, miðað við að í skip-pundi voru 20 lýsipund, átta kíló hvert. Annar farmur skipsins var 45 tonn af hrognum og fimm tonn af hákarlalýsi, en sam-anlagt andvirði 8175 rd. Þrjú skip sigldu til Kaupmannahafnar með blandaðan farm, mest þó saltfisk og flatta skreið („Plattfisk“). Önnur fóru til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Keflavíkur, en þaðan hefur varan verið flutt til Danmerkur. Samanlagt voru á þessu ári flutt frá Eyjum 156 tonn af saltfiski og 50 tonn af skreið, en 245 tonn af hákarlalýsi og sex tonn af þorskalýsi. Af landbún-aðarafurðum voru hálft þriðja tonn af tólgl flutt utan, rúm 15 tonn af hvítri ull og átta af mislitri, en fjögur af hvítum fjöðrum og tvö af gráum; þar að auki 44 álftarhamir og 730 lambskinn. Verðmæti þessa útflutnings nam 48,728 rd.²

Til glöggvunar um verðlag má nefna að við uppboð á varningi að Petræus kaupmanni látnum sumarið 1829 miðuðust greiðslur við að pundið af hvítri ull jafngildi 16 sk. og pund af mislitri ull 14 sk., en pund af hvítum fjöðrum 28 sk. og 20 sk. af gráum. Skippund af harðfiski var metið á 12 rd. og af saltfiski á 16 rd. Á sjálfu uppboðinu voru seldar 138 tonn af rúg fyrir 7 til 8 rd.

1 Þf. Sýsluskjalasafn. Vestm. C/1, 3. Bréfabók 1833–1840, nr. 308.

2 Þf. Sýsluskjalasafn. Vestm. C/1, 3. Bréfabók 1833–1840, opna á milli nr. 335 og 336 (1836–1838); sbr. opnu á milli nr. 6 og 7 (1833–1835). Farmskrá skipsins sem sigldi til Bilbao er í Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1506, en nr. 1504 og 1529 eru farmskrár skipa sem sigldu til Kaupmannahafnar; sbr. Vestm. A/1, 1. Bréfadagbók 1821–1837, nr. 1504, 1506, 1529. Um fiskverkun og útflutning á tímabilinu, sjá Valdimar Unnar Valdimarsson og Halldór Bjarnason, *Saltfiskur í sögu þjóðar* I, bls. 24–42.

hver og pundið af tóbaki fór á 48–58 sk.¹ Við úttekt á varningi í pakkhúsum að Kemp faktor látnum vorið 1839 var brennivíns-pottur metinn á 20 sk. og rommpottur á 44 sk. en pund af kaffi á 34 sk. og pund af svörtum pipar á 64 sk. Alin eða 63 sm. af gráu flaueli kostaði 68 sk., en 80 sk. af rauðu og heilan ríkisdal af grænu. Öngull kostaði 16 sk., rakhnífur 48 sk. og kaffikvörn 80 sk. Spegla var hægt að fá á bilinu 16 til 36 sk. og sagarblöð frá 32 sk. til 2 rd.²

Margt af því sem fékkst í verslunum var munaður sem ekki allir gátu leyft sér. Afkoma kaupmanna var vissulega góð, eins og sjá má í dánarbúi Kemps (nr. 32), sem þó var aðeins verslunarstjóri en átti húsbúnað líkan þeim sem tíðkaðist meðal betri borgara í Kaupmannahöfn. Vissulega voru nokkrir bændur við góð efni, svo sem Jón Oddsson (nr. 4), Eyjólfur Þorbjörnsson (nr. 40), Ingigerður Árnadóttir (nr. 2) og Þorbjörg Jónsdóttir (nr. 31), en miklu fleiri voru skuldum vafðir og jafnvel eignalausir. Má ætla að slíka menn hafi George Clayton Atkinson, 25 ára enskur ferðalangur sem kom til Eyja 11. júní 1833, haft í huga þegar hann í dagbók fullyrti að helmingur innfæddra karla væru sviplausir ræflar og að í verslunum gæfi ávallt að líta tvo eða þrjá þeirra dauðadrukna: „two or three wretched-looking creatures in a state of intoxication.“³ Eitthvað kann að vera að marka þetta, sé tekið mið af því að á aðfangadag 1833 komu Geirmundur Ólafsson forsöngvari og Jón Þorkelsson til kirkju „með hneykslanlegri ofdrykkju, skrafi og ópassandi tilburðum“, en síðan Jón Þorsteinsson á jóladag, Magnús Ólafsson annan dag jóla og á

1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 82, 89–94 (uppboð eftir Willy Petráus 24. júní–3. ágúst 1829).

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. HD/1, 1. Notarialbók 1831–1857, bls. 8–19.

3 George Clayton Atkinson, *Journal of an expedition to the Feroe and Westman Islands and Iceland 1833*, bls. 98.

nýársdag Oddur Ögmundsson, Magnús Ásmundsson og Ketill Marteinsson.¹ Föstudaginn langa 1839 var Bjarni Pétursson sakaður um að hafa verið drukkinn í kirkju og viðurkenndi að hafa smakkað brennivín: „en ekki fannst mér ég mikið drukkinn.“ Guðlaugur Magnússon þrætti ekki fyrir að hafa verið drukkinn og útskýrði hneykslið: „mér var illt og gubbaði ég nokkuð.“ Sunnudaginn 27. október sama ár var Eyjólfur Erasmusson bóndi í Vesturhúsum að sögn sjónarvotta svo drukkinn við messu að „hann naumast hefði getað staðið og hefði kastast til og frá.“²

Annars var nokkuð góður agi í samfélaginu og lýsti séra Jón Austmann ástandinu svo sumarið 1843 að vissulega væri siðferði ábótavant, með drykkjuskap, þjófnaði, þrætum og lauslæti, en því hefði farið fram síðan „þekking trúarbragðanna, sem áður var hér langtum minni en nú er, fór að hafa sín heillasömu áhrif á breytni innbúanna.“³ Alvarlegasta afbrotið á þeim árum sem hér eru til umræðu var morðið á Steini Guðmundssyni í árslok 1828 (sjá hér á bls. 157). Upptök að þeim ósköpum voru þjófnaður á kjöti og nokkur slík mál komu upp næstu árin. Undir árslok 1838 stal Einar Einarsson vinnumaður í Presthúsum til að mynda slitnum segldúk af þilskipinu *Bóthildi Maríu*, að verðmæti 32 sk. Hann var dæmdur til fjögurra ára betrunarvistar, enda áður uppvís að sauðabjófnaði í Rangárvallasýslu.⁴ Við kirkju á gamlársdag 1839 atyrta Jón Jónsson yngri frá Norðurgarði Guðrúnu Pálsdóttur yngri í Kirkjubæ við kirkju og kallaði hana „helvítis

1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1149; Vestm. A/1, 1. Bréfadagbók 1821–1837, nr. 1149.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. GA/1, 1. Auka-, gesta- og lögregludómabók 1821–1852, bls. 245–247, 268.

3 Jón Austmann, „Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar“, bls. 149.

4 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. GA/1, 1. Auka-, gesta- og lögregludómabók 1821–1852, bls. 232–237, 239–245

hóru og hjónadjöful“. Svaraði hún því til „að hún ekki vilda virða sig til við guðs hús að svara honum nokkru uppá þetta, þar hann ekki hefði getað skammað sig annarstaðar en þar.“ Daginn eftir ítrekaði áðurnefndur Einar Einarsson þessar ásakanir, algjörlega að tilefnislausu að mati tveggja vitna. Guðrún var dóttir séra Páls Jónssonar, sem kærði piltana. Sýslumanni þótti sök Jóns ekki sönnuð en gerði Einari að greiða ríkisdal til fátækra.¹ Þann 12. mars 1840 var Guðrún svo borin því af Jóni Þorgeirssyni bónda á Oddsstöðum að hafa stolið fatnaði úr hjalli við bæinn nóttina á undan, enda hafði sést til hennar þar nærri eftir dagsetur. Við leit fannst nokkuð af því stolna og fleiri hlutir sem aðrir höfðu saknað. Voru ýmsir yfirheyrðir og Guðrún varð tvísaga, en málið var látið niður falla.²

Útgáfan

Engin leið er í stuttum inngangi að gera grein fyrir öllu því sem fram kemur um misjafnan aðbúnað fólks í þeim textum sem hér birtast á prenti, en vonandi nýtast þeir lesendum til nokkurs skilnings á húsakosti, verkfærum, búsáhöldum, fatnaði, sængurfötum og bókakosti, svo eitthvað sé nefnt. Skráning á eftirlátnum eigum fólks tók mið af því að vernda hagsmuni erfingja sem voru ungir að árum (ómyndugir) eða bjuggu annars staðar. Forsendur þess fyrirkomulags sem gildi á tímabilinu má finna í erfðareglum *Norsku laga* frá 1687 sem tóku gildi á Íslandi með tilskipun 17. febrúar 1769. Þann 12. september 1792 var síðan kveðið á um 4% gjald af arfi annarra en afkomenda, væri dánarbúið yfir 100

1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. GA/1, 1. Auka-, gesta- og lögregludómabók 1821–1852, bls. 284–288.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. GA/1, 1. Auka-, gesta- og lögregludómabók 1821–1852, bls. 288–295. Um Guðrúnu, sjá Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* I, bls. 103.

ríkisdala virði, sem ekki var algengt í Vestmannaeyjum. Með tilskipun 8. febrúar 1810 var lagt á gjald sem nam hálfri prósentu af öllum arfi eftir skuldir, en ekki þó þeim helmingi sem eftirlifandi maki hélt og í raun átti fyrir. Að auki gat ekkja fengið bróðurhlut í arf eftir mann sinn, nema hún ætlaði að giftast aftur. Ný erfðalög frá 25. september 1850 breyttu engu um framkvæmd skipta, en mörkuðu tímamót að því leyti að frá og með 1. janúar 1852 var innleiddur jafn arfur dætra og sona. Áður fengu þær helming á móti þeim og hafði svo verið allt frá gildistöku *Jónsbókar* árið 1281.¹

Elstu skiptagögn úr Vestmannaeyjum eru dánarbú séra Páls Magnússonar í Ofanleiti árið 1789 og til er skrá yfir nokkrar eftirlátnar bækur séra Guðmundar Högnasonar í Kirkjubæ árið 1795. Til eru ítarleg gögn um arf eftir séra Jón Arason árið 1811 og eftir skólapiltinn Arnþór Guðmundsson sem druknaði í sjóróðri vorið 1815. Þá er til lóðseðill Magnúsar Jónssonar á Búastöðum eftir móður sína Ragnhildi Hallsdóttur frá skiptum 18. nóvember 1806.² Samfelld skiptagögn eru varðveitt úr Eyjum frá 1820, fyrst eftir Helga Bergmann lögsagnara, sem lést 27. ágúst 1818, og síðan Sigurð Árnason bónda sem lést 12. janúar 1820.³ Johann Nicolai Abel (1793–1862), sem varð sýslumaður í Vestmannaeyjum vorið 1821, hélt vel utan um öll gögn. Hann sleppti embættinu sumarið 1839 en kom aftur vorið eftir og fór alfarinn árið 1851.⁴ Frá

1 *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir*, bls. 12–18; *Hvítur jökull, snaudir menn*, bls. 40–41.

2 *ÞÍ. Sýsluskjalasafn*. Rang. ED2/1. Dánarbú 1768–1813, örk 12 (séa Guðmundur) og örk 13 (séa Páll); Rang. ED1/1, 1. Skiptabók klerkdómsins 1807–1824, bls. 190–194 (Arnþór); Vestm. ED1/2. Dánarbú 1811–1854, örk 2 (séa Jón); Skaft. ED2/3. Dánarbú 1830–1836, bl. 182 (Ragnhildur).

3 *ÞÍ. Sýsluskjalasafn*. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 1–13.

4 Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* IV, bls. 562–563.

þriðja áratug aldarinnar eru varðveittir einhverjir pappírar um 39 einstaklinga, en 60 frá fjórða áratugnum, 84 frá þeim fimmta og 81 frá þeim sjötta. Samanlagt eru því til skiptagögn um 269 einstaklinga og þar er að finna 195 eiginleg dánarbú.¹

Í þessari bók birtast skrár yfir lausafjáreign 23 karla og 17 kvenna. Öll varðveitt dánarbú kvenna frá fjórða áratug aldarinnar eru með og uppboð eftir Sólrúnu Bjarnadóttur (nr. 18). Aðeins Sigríður Guðmundsdóttir er þá höfð útundan sem lést fertug 2. nóvember 1833, því bara skiptin eru varðveitt.² Af körlunum var einn á lífi þegar eignirnar voru skráðar, Daníel Bjarnason (nr. 17). Sautján karlar voru hins vegar hafðir útundan:

Carl Ferdinand Lund kom sem læknir til Vestmannaeyja þegar þær voru gerðar að sérstöku umdæmi árið 1828 og lést 5. desember 1831, 45 ára: dánarbú, skipti og uppboð eru varðveitt.³ Sveinn Guðmundsson bóndi í Þorlaugargerði lést 5. nóvember 1832, 68 ára: uppboð.⁴ Einar Einarsson bóndi í Presthúsum lést 15. september 1833, 37 ára: skipti og uppboð.⁵ Einar Jónsson bóndi í Svaðkoti lést 17. nóvember 1833, 79 ára: skipti og uppboð.⁶

1 Vafalaust eru til fleiri dánarbú, því ekki var flett bréfum til sýslumanns eftir 1840. Rétt er að nefna að sum af þeim gögnum sem hér eru nýtt eru illa farin og hefur kassinn Vestm. B/46. Bréf 1836–1836 nú verið tekinn úr umferð vegna myglu. Ég þakka starfsfólki Þjóðskjalasafns fyrir að leyfa mér að líta í hann og taka myndir. Gögn frá því eftir 1860 voru ekki könnuð.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 141.

3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 126–131; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 131–139.

4 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 142–147.

5 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 139–140; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 153–154.

6 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 144–146; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 155–157.

Þrettán menn fórust 5. mars 1834 með teinæringnum *Þurfalíngi*.¹ Skiptagögn eru til um átta þeirra: Guðmundur Þorláksson bóndi í Ólafshúsum var 72 ára: dánarbú, skipti og uppboð.² Jón Árnason tómthúismaður í Ömpuhjalli var 45 ára: dánarbú og skipti.³ Jón Helgason bóndi í Dölum var 59 ára: dánarbú og skipti.⁴ Jón Þorkelsson bóndi í Svaðkoti var 39 ára: dánarbú og skipti.⁵ Jónas Vestmann bóndi í Vesturhúsum var 35 ára: dánarbú og skipti.⁶ Magnús Guðlaugsson bóndi í Nýjabæ var 40 ára: dánarbú og skipti.⁷ Páll Þorsteinsson vinnumaður á Vilborgarstöðum var þrítugur: skipti og uppboð.⁸ Þorsteinn Guðmundsson bóndi á sama bæ var 58 ára: dánarbú, skipti og uppboð (sjá hér á bls. 103).⁹

- 1 ÞÍ. Kirknasafn. Vestm. BA 2. Prestsþjónustubók Ofanleitis 1816–1839, bls. 90, 92 (tíu); Vestm. BA 4. Prestsþjónustubók Kirkjubæjar 1816–1845, bls. 106 (þrír). Sjá einnig Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* II, bls. 131–132, og Vef. heimaslod.is/index.php/Þurfalingslsysið.
- 2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1231; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 148–149; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 210.
- 3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1255; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 155–156.
- 4 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1256; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 150–152.
- 5 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 142–143, 146–147.
- 6 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1256; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 152–153.
- 7 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1256; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 153–154.
- 8 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 157; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 161.
- 9 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1197; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 149–150; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 157–159.

Sigurður Sigurðsson bóndi í Þorlaugargerði lést 5. mars 1835, 44 ára: dánarbú og skipti.¹ Oddur Jónsson bóndi í Dölum lést 7. nóvember 1836, 45 ára: dánarbú, skipti og uppboð.² Sigurður Sigurðsson fyrirvinna á Fögruvöllum lést 4. maí 1837, 29 ára: dánarbú, skipti, uppboð.³ Stígur Jónsson bóndi í Brekkuhúsum lést 8. mars 1838, 44 ára: dánarbú og skipti.⁴ Jón Einarsson bóndi á Gjábakka lést 21. mars 1838, 49 ára: dánarbú, skipti og uppboð.⁵

Dánarbúin voru ekki endilega skráð samkvæmt rökréttri upp-
röðun og víða gætir óreiðu. Þó má ætla að fyllstu nákvæmni hafi
verið gætt þótt auðvitað sé ekki útilokað að erfingjar hafi skotið
einhverju undan eða sitthvað þótt of ómerkilegt til að fá að fljóta
með. Verðmat höfðu menn á tilfinningunni eða náðu samkomu-
lagi, en sennilega var hneigðin sú að hafa tölur fremur lægri en
hærri, sem til dæmis sést á því að yfirleitt fékkst herra verð á
uppboðum. Þau eru oftast í sömu röð og eignaskráin, en fyrir
kemur að eitthvað bætist við eða er sleppt. Fyrstu árin er mat yfir-
leitt í svonefndu „vöruverði“ og síðari árin í „silfurverði“, sem
var meira virði. Þetta er ekki alltaf tekið fram í skránum en má þá
yfirleitt sjá í samantekt á skiptum, þar sem legkaup var 54 sk. í

- 1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. B/46. Bréf 1834–1836, nr. 1331; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 159–160.
- 2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/2. Dánarbú 1811–1854, örk 10, bl. 114–115; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 170; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 204–206.
- 3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/2. Dánarbú 1811–1854, örk 11, bl. 138; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 175; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 209–210.
- 4 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/2. Dánarbú 1811–1854, örk 12, bl. 167; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 183–184.
- 5 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/2. Dánarbú 1811–1854, örk 12, bl. 166; Vestm. ED1/1, 1–13. Skiptabók 1820–1838, bls. 181–183; Vestm. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1821–1842, bls. 222–224, 227.

silfurverði og 81 sk. í vöruverði (sjá til dæmis á bls. 34 og 133). Til viðbótar við skránar eru birtar þrjár úttektir á bæjarhúsum sem tengjast fólki eða bæjum sem koma við sögu (sjá bls. 115–116, 161–162, 180–182). Alin var 63 sentimetrar og stafgólf um 1,7 metrar, þannig að baðstofa sem var átta álnir á lengd og þrjár á breidd var um 20 fermetrar að flatarmáli. Þar svaf og vann allt heimilisfólk. Hús í Eyjum voru eign konungs sem jarðeiganda en ef ábúendur byggðu eitthvað sjálfir áttu þeir byggingarnar.¹

Útgáfan er orðrétt og stafsetning samræmd til nútímahorfs, en haldið í orðmyndir, svo sem „dóttir“ í þolfalli og þágufalli eða afbrigði af millum á kvenfatnaði, það er „milnur“, „minlur“. Sama á við um orðmyndina „Vestmanneyjar“, sem er einhöfð í þessum textum, en aldrei „Vestmannaeyjar“. Ýmist er í gögnum „ditto“ eða „dito“ á latínu í merkingunni „sama“ eða „eins“, og er því ósamræmi haldið. Styttningar eru skrifaðar fullum fetum, svo sem „sálugur“ fyrir „sál.“ Greinarmerkjasetning er virt að mestu en bætt við stöku kommu og jafnvel punkti eða kommur fjarlægðar í þágu skýrari skilnings.² Smávægilegar lagfæringar skrifara eru teknar til greina og ekki sýndur sá texti sem fyrir var, en yfirstrikunum haldið ef þær sýna vangaveltur á staðnum (bls. 174). Fylgt er númerum í skjölum þótt nokkuð sé um mistök (sjá til dæmis tvítekið nr. 28 á bls. 50). Þar sem tölur vantar er höfð eyða (bls. 142, 156, 159, 194, 195). Magneiningar eru að jafnaði hafðar með tölustöfum, svo sem 3 fjórðungar og 10 vetra, en fjöldi eininga ávallt í orðum, svo sem þrír gemlingar, fjórar rekkjuvoðir; þó aðeins til og með tólf. Danskur texti í uppskriftum og einkum uppboðum er hafður stafréttur, enda myndi nútíðardanska

1 Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð*, bls. 73–254; Sigfús M. Johnsen, *Saga Vestmannaeyja* I, bls. 189–192.

2 Um þessi atriði er fylgt útfærslum Haraldar Bernharðssonar, „Samræmt nútímamál á fornum heimildum“.

gjörbreyta yfirbragði hans, ólíkt íslenska textanum; tölur eru þá sýndar eins og þær eru. Um þetta er fylgt útfærslu í glænýrri útgáfu á skjölum Landsnefndarinnar fyrri.¹ Abel sýslumaður skrifaði skondna blöndu af íslensku og dönsku og er stafsetningu hans fylgt af stökustu nákvæmni. Séu skemmdir í handriti eru settir hornklofar [] og 00 innan í þá ef ekki er ljóst hvað hefur staðið þar, en [orð] ef geta má til þess. Vanti orð augljóslega í texta er því aukið við innan oddklofa < >.

Aðalatriðið er að lesendur átti sig á því hvað fólk átti. Dánarbúsuppskriftirnar eru því gefnar út í heilu lagi og sum uppboðin, en arfaskipti endursögð, vonandi ekki of ítarlega. Fyrir kemur að upphæðir eru tilgreindar í ríkisdöllum, mörkum og skildingum. Þá er markið reiknað yfir í 16 skildinga. Ýmist er í gögnum miðað við ríkisbankadali eða ríkisdali, með skammstöfun „rbd.“ eða „rd.“, og er heimild fylgt hverju sinni. Formáli fylgir hverju dánarbúi um helstu æviatriði. Þar komu að góðum notum vefslóðirnar Íslendingabók og Æviskrár Eyjafólks eftir Víglund Þór Þorsteinsson. Kirkjubækur voru nýttar því sem þörf krafði. Vísað er til heimilda aftanmáls og heimildaskrá er í bókarlok ásamt atriðaskrá sem tekur til helstu efnisflokka. Fáein áhugaverð smáatriði eru reyndar tekin með, svo sem gleraugu, speglar og rokkar. Ýmis fágæt orð koma fyrir í þessum textum og verða lesendur að leita í *Íslenskri orðabók* eða ritmálssafni Orðabókar Háskóla Íslands um íslensk orð en í *Den danske ordbog* um dönsk orð. Ekki er allt alveg skiljanlegt, eins og „smygi“ (bls. 83) og „stóla hurðir“ (bls. 165), en stendur þarna samt! María Jóhannsdóttir lagði mér lið við uppskriftir velflestra skjalanna eða yfirlestur en Gísli Baldur Róbertsson réð fram úr nokkrum torlesnum orðum. Sverri Sveinssyni umbrotsmanni er

1 *Landsnefndin fyrri* I, bls. 44.

þakkað fyrir ánægjulegt samstarf og ekki síður Kára Bjarnasyni og Helgu Hallbergsdóttur sem tóku hugmyndinni vinsamlega og gerðu hana að veruleika. Bókin er helguð minningu Önnu systur minnar og föður okkur Jóns S. Óskarssonar, sem létust í Vestmannaeyjum árið 2008.

Textar

	44	20
þreartun: þugna skáfur -	"	48
þakur með klurli -	"	16
Þetta 16 - Örn þmli 8 -	"	24
þiðri og þriðjónar -	"	16
þiðill með klurli -	"	16
þriðjónar þottur -	"	24
þyða með þvía og lómín 6	"	"
Þetta önnur -	"	48
Þýða þiðjón -	17	60
	69	80
Þrúmanngam þa 20 ^{te} octobris 1837 Gullfúrkerbúðs son Guðrúðs son		

Lokin á dánarbúsuppskrift eftir Guðrúnu Þorvaldsdóttur með hendi Eyjólfssonar Þorbjörnssonar hreppstjóra (sjá hér á bls. 170–171). Heimild: ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Vestm. ED1/2. Dánarbú 1811–1854, örk 11, bl. 163. Ljósmynd: Þjóðskjalasafn Íslands.

1.

Sigurður Magnússon í Háagarði

Sigurður fæddist 28. mars 1794 og voru foreldrar hans Magnús Jónsson (1765–1835) og Sesselja Árnadóttir (1769–1841) í Ystabælkoti undir Eyjafjöllum. Þau voru komin til Vestmannaeyja eigi síðar en árið 1804 og var Sigurður vinnumaður í Nýjabæ árið 1813 en í Miðhúsum ári síðar. Þann 20. október 1814 eignaðist hann soninn Sigurð með Kristínu Ögmundsdóttur (1789–1842), dóttur Ingigerðar Árnadóttur (hér nr. 2); drengurinn dó ungur. Þann 25. október 1818 gekk Sigurður að eiga Björgu Brynjólfsdóttur (1788–1853), sem fæddist á Torfastöðum í Fljótshlíð og var komin til Eyja eigi síðar en árið 1815, þá vinnukona á Gjábakka. Þau eignuðust fimm börn og lifðu Valgerður (1822–1894) og Þorbjörg (1832–1916), en hin létust fárra daga gömul: Brynjólfur í febrúar 1821, Sesselja í apríl 1826 og Sigurður í ágúst 1827. Í desember 1828, og aftur fjórum árum síðar, sagði prestur þau hjónin vera skikkanleg og vel að sér, en ekki er í sóknarmannatali getið bókaeignar. Sigurður lést 10. febrúar 1833 úr brjóstveiki, sagður fertugur, og var jarðaður níu

dögum síðar.¹ Dánarbúið var skráð 6. apríl og skipti fóru fram 31. desember. Eignir námu 181 rd. 56 sk. og var kostnaður við uppskrift og skipti 5 rd. 32 sk., en legkaup 81 sk. og skuldir til kaupmanna 23 rd. 9 sk. Eftir stóðu 153 rd. 36 sk. og fékk Björg helminginn en Valgerður og Þorbjörg sinn fjórðunginn hvor. Fjárhaldsmaður þeirra var Magnús faðir Sigurðar (nr. 7). Björg hét því að annast dæturnar og greiða skuldir, sem þýddi að hún fékk búið afhent. Hún bjó áfram í Háagarði og giftist tveimur árum síðar vinnumanni sínum Sigurði Jónssyni (1801–1859) úr Mýrdal.²

Við virðing og uppskrift fyrirfundnir fjármunir eftir Sigurð Magnússon á Háagarði þann 6. apríl 1833.

	Vöruverð rd. sk.
<i>Fatnaður</i>	
Blá vaðmálsúlpa ný	2
Önnur nokkuð brúkuð	1 16
Bláröndóttar vaðmálsbuxur	1 48
Aðrar gamlar ditto	80
Hvít nærpeysa	1
Blátt einskiftukot með hnöppum	1 32
Blátt einskiftukot gamalt	48
Annað ditto	1
Tvær einskiftuskyrtur báðar	1 32
Gamall bómullarhattur	32
Tvennir sokkar mórauðir gamlir	32
Einar nærbuxur gamlar	32

	rd.	sk.
Blátt klæðisfat með rauðri klæðisbryddingu	4	
Blá klæðissvunta með hnapp af silfri og grænum flugelsborða	1	48
Blátt einskeftufat	2	
Hempa með hálfþflosi	2	
Tvær rekkvoðir 1 rd. stykkið	2	
Brekán	2	
<i>Bækur</i>		
Biblía		64
Nýja messusöngsbók	1	
Grallari rotinn		24
Gerhardi hugvekjur með tilheyrandi sálum		48
Stóri Katikismus		16
Iðrunarsálmar séra Þórhalls		16
Sturms hugvekjur frá byrjun langaföstu til páska		48
Genisissálmar		16
Nýtt bænaker		16
Vikubænir skrifaðar		8
Skevings passíusálmar		32
Smásögur fyrsta bindi fyrsta hefti		8
Svarfdæla, Valla-Ljótssaga, <af> Vémundi og Vígaskútu, og Víga-Glúmi, innbundnar sögur af Hrólfi kraka, Völsungum, Ragnari loðbrók og sonum hans, þáttur af Nornagesti og ýmsum öðrum, Sörla þáttur, Hervarar og Heiðreks sögur	1	
Klausturpóstur fyrir árin 1823, 24, 25		16

	rd.	sk.
<i>Ýmisleg ílát</i>		
Ein kista blá	2	
Önnur gömul	1	
Ein lagartunna járnbent	2	
Tvö anker með járnböndum	1	
Einbotnuð eikartunna		32
Tveir kaggar 80 sk.	1	64
Fjórar strábands hálfunnur 16 sk.		64
Tvær strábands altunnur 24 sk.		48
Tvö mjólkurtrog 24 sk.		48
Tvær skjólur 16 sk.		32
Tveir askar 16 sk.		32
Einn 1½ fjórðungs pottur	2	
Annar 16 marka	1	
<i>Í húsum</i>		
Innihús 4 álnir að lengd	10	
Skemma 6 álna löng	10	
Ein kró í Skipasandi	3	
Önnur ditto	2	
<i>Ýmislegt</i>		
Ellefu valborð 80 sk. stykkið	9	16
Fjögur ditto minni 32 sk. stykkið	1	32
Ein skinnbrók	1	48
Einn skinnstakkur		80
Ein hrosshá	3	
Eitt plankastykki		64
Eitt hálf tveggjamannafar	8	
Einn fjórði í fjögramannafari	3	
Einn áttundi í áttræðing	8	

	rd.	sk.
Ein kýr	16	
Sex ær með lömbum á heimalandi	18	
Tvær geldar á heimalandi 2 rd.	4	
Í Ellirey sex tveggja vetra og eldri 3 rd.	18	
Ditto þrjár veturgamlar 2 rd.	6	
Í Suðurey tvær þrívetrar 3 rd.	6	
Ditto þrjár veturgamlar 2 rd.	6	
Hákallasókn	3	
Summa	181	40

Vestmanneyjum þann 20. júlí 1833
Eyjólfur Þorbjörnsson

2.

Ingigerður Árnadóttir í Nýjabæ

Ingigerður fæddist árið 1764. Faðir hennar var Árni Jónsson (f. 1722) bóndi á Lækjarbakka í Mýrdal, en móðir er óþekkt. Árið 1787 eignaðist Ingigerður soninn Odd (1787–1837) með Ögmundi Björnssyni (1751–1793) bónda á Ytaskála undir Eyjafjöllum, þá skráð til heimilis á Hvoli í Mýrdal. Tveimur árum síðar voru þau komin til Vestmannaeyja og eignuðust Kristínu (1789–1842). Þann 6. maí 1792 gekk Ingigerður að eiga Árna Hákonarson (1741–1793) og bjó þá í Kirkjubæ. Árni og Ögmundur drukknðu báðir 16. febrúar 1793. Þorbjörg dóttir Ingigerðar og Árna fæddist 14. apríl 1793 og lést sex dögum síðar úr ginklofa. Ingigerður var áfram í Kirkjubæ og 6. nóvember 1798 giftist hún Jóni Einarssyni (1774–1846). Þau bjuggu í Dölum árið 1801 og voru árið 1816 komin að Nýjabæ ásamt Kristínu dóttur Ingigerðar, sem átti Magnús Guðlaugsson (1793–1834). Oddur sonur hennar (nr. 22) bjó þá í Gerði með konu sinni Ingveldi Magnúsdóttur (1796–1868). Ingigerður og Jón eignuðust þrjú börn sem öll létust fárra daga gömul úr ginklofa:

Kristín í janúar 1803, Einar í janúar 1804 og Kristín í maí 1806. Ingigerður gegndi ljósmæðrastörfum í Eyjum árin 1805–1812 og fékk umbun fyrir það úr konungssjóði.³ Hún lést úr brjóstveiki 20. maí 1833, sögð 69 ára, og var jörðuð fjórum dögum síðar.⁴ Uppboð var haldið 24. júlí og seldur fatnaður og fleira fyrir 116 rd. 62 sk. Dánarbúið var skráð 14. október og skipti fóru fram níu dögum síðar. Jón, Oddur og Kristín voru öll á staðnum. Eignir samkvæmt uppskrift voru 669 rd. 29 sk. en urðu 739 rd. 29 sk. að viðbætti inneign hjá kaupmanni. Kostnaður við uppskrift, uppboð og skipti nam 25 rd. 68 sk. Eftir stóðu 713 rd. 57 sk. og fékk Jón helminginn eða 356 rd. 76½ sk. Oddur og Kristín greiddu ½% af sínum hlut í konungssjóð, þannig að hann fékk 236 rd. 65 sk. og hún 118 rd. 32½ sk. Nákvæm sundurliðun á því hver fékk hvað fylgir skiptunum, svonefndir lóðseðlar. Magnús maður Kristínar skrifaði undir hennar vegna.⁵

Aar 1833 den 24. Julii mødte den ordinaire Auctionsforvalter Sysselmand Abel paa Nyebæ med undertegnede Vidner, for efter foregaaende Bekjendtgjørelse at affholde Auction over nogle Gangklæder, med videre, tilhørende afskediget Hreppstyrer Jon Einarsson, imod Betaling i Vareværdie som erlægges til Auctionsforvalteren inden Junii Maanedes Udgang 1834. Auctionen blev fremholdt saaledes:

No.	rd.	sk.
1. Blát Skjört af Klæde ein-skefte	4	8 Magnus Gudlaugsen
2. Ditto ditto	3	64 Contant

No.	rbd.	sk.
3. Ditto ditto	4	64 Odd Ögmundsson
4. Ditto ditto	2	Jon Hreppstyrer
5. Klædes Upphlut	4	64 Jon i Nordgard
6. Damaskes ditto	1	48 John Hreppstyrer
7. Ditto Forklæde	1	88 Sigurd a Midhus
8. Bláprikket ditto		56 Magnus Gudlaugsson
9. Klædes Tröje	2	56 Ditto ditto
10. Ditto ditto		64 Gisle i Arvlöse
11. 1 Törklæde		60 Sæmund Sæmundsson
12. 1 ditto		64 Ditto
13. 1 ditto		64 Stephan a Vilborgstad
14. 1 ditto		56 Gisle i Arvlöse
15. 1 Silketörklæde	1	34 Jon Gislesen
16. 1 ditto		68 Sigurd paa Midhus
17. 1 Bomuldstörklæde	1	68 John Abel
18. 1 Lærreds ditto		48 Sigurd paa Midhus
19. 1 Halvsilketörklæde	1	8 Magnus Gudlaugsen
20. 1 Silketörklæde	1	72 Odd Ögmundsson
21. 1 Æske med Trafi		64 Jon Rimakot
22. 1 Skjorte	1	8 Odd Ögmundsson
23. 1 ditto		72 Sigurd paa Midhus
24. 1 ditto		72 Gudmund i Nordurgard
25. 1 Forklæde		44 Ditto
26. 1 ditto		34 Stephan paa Vilborgstad
27. 1 gl. blaa Tröje		48 Stephan paa Vilborgstad
28. 1 ditto ditto		50 Olaf i Dölum
29. Upphlöt		48 Gudmund i Nordurgard
30. Gl. Hempe	1	Jon Hreppstyrer
31. 1 Dyne	2	4 Benedikt Einarsson
32. Hovedpude		44 Odd Ögmundsson

No.	rbd.	sk.	
33. Underskjört	40		Stephan a Vilborgstad
34. 1 Brækan	2	32	Odd Ögmundsson
35. 1 ditto	1	66	Haldor i Gerde
36. 1 Lagen	1	16	Bjarne Stephansen
37. 1 ditto	1	88	Odd Ögmundsson
38. 1 Kiste med Laas og Nögel	6		Magnus Gudlaugsson
39. 1 ditto med ditto	4	36	Sæmund Sæmundsson
40. 1 ditto	1	64	Gudmund Eriksson
41. 1 ditto		82	Sigurd a Midhus
42. 1 lille Kasse		16	Sæmund Sæmundsson
43. 2 Malketrüge		52	Eiolf Hreppstyrer
44. 2 ditto		64	Ditto
45. 2 Madæsker		42	Jon Gislason
46. 2 ditto		38	Jon Hreppstyrer
47. 1 ditto		10	Magnus Gudlaugsson
48. 2 Træskaale		18	Sigurd a Midhus
49. 1 Jærnbaandstönde	2		Odd Ögmundsson
50. 1 Heelanker		84	Paul Jensen
51. 1 ditto		80	Jon Rimakot
52. 2 Vandspande		64	Magnus Gudlaugsson
53. 2 ditto		58	Ditto
54. 1 Tjæretönde		90	Haldor i Gerde
55. 1 ditto		82	John i Kastella
56. 1 Syretönde	1	88	Magnus Gudlaugsson
57. 1 ditto		66	Olaf i Dalir
58. 1 Tönde		12	Paul Jensson
59. 1 Kjærhald		48	Jon Hreppstyrer
60. 1 ditto		66	Stephan á Vilborgstad
61. Klaufar	1	34	John Gislason
62. Sandvirke		8	Bjarne Stephanson

No.	rbd.	sk.
63. 3 Höemesser	18	Paull Jensen
64. 2 ditto	16	Magnus Gudlaugsson
65. 3 Orf og 4 River	92	Paull Jensson
66. Ullar Byrda	52	Sigurd a Midhus
67. Kasse	6	John Abel
68. 2 Greber og 1 Tjærebötte	26	Haldor i Gerde
69. 1 Kutting og Træeflaske	48	John i Nordurgard
70. Smörskrin	60	Paull Jensen
71. Slorskrin	20	Eiolf Hreppstyrer
72. 2 Heste Reeb	80	Paull Jensson
73. 2½ ditto	1 10	Ditto
74. 2 Sængesteder	52	Stigur i Breckhus
75. 2 Egestykker	48	Paull Jensen
76. 2 Grydelaag	6	Eiolf Hreppstyrer
77. 2 Potter	1 8	Jon i Nordurgard
78. 2 ditto	1 40	Ingvöldur Gudmunds- datter
79. 1 ditto	36	Haldor i Gerde
80. 4 Selenaale	24	Contant
81. 1 Naver	4	Eiolf Hreppstyrer
82. 1 stor Gryde	1	Stephan a Vilborgstad
83. 1 ditto	6	Paull Jensen
84. 2 Laar	68	John Abel
85. 2 ditto	32	Eiolf Hreppstyrer
86. 1 Bærbör	32	John i Nordurgard
87. 4 Keipar	22	Paull Jensen
88. Torveler og Skovl	48	Gisle i Arvlöse
89. Gl. Tømmer	8	Stephan a Vilborgstad
90. Ditto	2 40	Haldor i Gerde
91. 1 Sæk	34	Eiolf Hreppstyrer

No.	rbd.	sk.
92. Reeb gl.	26	Paull Jenson
93. 1 Bællie	8	Eiolf Erasmusson
94. 1 Hoppe	6	8 Sigurd Vigfussen
Summa	108	22

Hermed var Auctionen hævet.

Actum ut supra,	Abel
Ejolvur Thorbjörnsson	Jon Gislason

No.	rbd.	sk.
Foruden nedenstaaende Regning	108	22 er solgt for bemeldte Boes
95. 1 Lam	1	8 Olaf Björnsen
96. 1 ditto	1	48 Ditto
97. 1 Faar	3	Ditto
98. 1 ditto	2	80 Gudlaug Gudlaugsen
	116	62

* * *

Aar 1833 Mandagen den 14. October mödte den ordinaire Skifteforvalter Sysselmand Abel med Vidner og Vurderingsmænd Hreppstyrer Eiolv Thorbjörnsson og Bonden Gudmund Eriksson paa Gaarden Nye bæ for at foretage en lovlig Registrerings- og Vurderingsforretning over afgangne Ingegerder Arnadatters og efterlevende Mands afskediget Hreppstyrer Jon Einarsons fælleds Boe. Dödsfaldet som indtraf den 20. Junii er betimelig anmeldt og de myndige Arvinger have begjert Skifteforvalteren til at behandle Boet. Den Afdödes Arvinger ere Bonden Odd Ögmundsen paa Kirkubæ og Kristin Ögmundsdatter som er givt

med Medhielper Magnus Gudlaugsson paa Nyebæ, begge avlet forinden den Afdöde blev givt med Jon Einarsson. Enkemanden og bemeldte Magnus vare nærværende men Odd Ögmundsen mödte ikke uagtet han var advaret om at beopagte sit Tarv ved Forretningen, hvilken blev fremmet som følger:

	rd.	sk.
1. En Koe	16	
2. Høet i Garden	20	
3. En Kro paa Toften	8	
4. Skæmmen med Loft og Poueel	24	
5. Kro paa Halinn	7	
6. Halvdelen i den lille Jalle	6	
7. Ditto i den store Jalle	10	
8. 10 Saudur i Alfsöe	34	
9. 4 Faar paa Hjemmelandet	10	
10. 1 Saudelam		80
11. Sængsted og Rumstok	3	
12. Jærnbændstönde	3	
13. Klædeskab	10	
14. Rækestaure af Eeg og Gran	10	
15. Ditto	4	
16. Tjæretönde	1	
17. Uldkasse		48
18. 10 Pund Uld	2	
19. Quartel med 10 Pund Smör	1	76
20. Kalvskind 5 Stk.	1	64
21. Saudskind 11 Stk.	2	72
22. Vadskind	1	48
23. Kasse med Jærn		24
24. Vetrungsskind 5 Pund á 4 mk.	3	32

	rd.	sk.
25. Skoeskind 10 Pund á 4 mk.	6	64
26. Boldungssæk		48
27. Uld i samme 3 Pund		60
28. Bruse		24
29. Kiste med 15 Pund Smör	3	44
30. Ditto med 10 Pund ditto	2	88
31. Æske med Hank		24
32. Hlemme 6 Stk.		12
33. 2 Kasser med gl. Jærn		24
34. Koefod og en lille Hammer		16
35. Kasse med gl. Jærn		48
36. 2 Hamrer		40
37. Kasse med Söm	1	
38. Adskillige gamle Laar	1	
39. Gl. Jærnbaand		40
40. 7 Pund fiint Jærn	1	16
41. 1 Pund Gjordjærn		20
42. 8 Pund Stumpajærn	1	
43. 2 Æsker		40
44. Jærnslægge	1	48
45. 5 Pund Stumpajærn		60
46. Drikketönde		48
47. Spiturusl		16
48. 1 lille Saug		32
49. 1 Öxe		48
50. Saudskind 4 Stk.		64
51. 2 Flasker og 1 Bruse		32
52. 1 Halvanker		64
53. Flasker 4 Stk.		48
54. 1 Skeppe Ærter og Byg	1	

	rd.	sk.
55. Knivtang, Knive og Fiil		48
56. 10 Pund Læder	6	64
57. Saudskind og Kalvskind		48
58. Kiste med Laas og Nögel	6	
59. Borddug		64
60. Einskefte 4 Alen	1	64
61. Vadmal 2 Alen		80
62. Lerred 1 Alen		48
63. Rödt Damask 2¾ Alen		88
64. Lerred 1 Alen		40
65. Damask 1 Alen		32
66. Blaaf Klæde ¾ Alen		64
67. Blaaf Lerreds Forklæde		48
68. 2 Klædes og to Lerreds Lapper		32
69. Röde Flöiels Baand 4 Alen	1	32
70. Sorte Silkebaand 1¼ Alen		20
71. Röde Rosenbaand 4¾ Alen	1	56
72. Indigo 20 Lod à 20 sk.	4	16
73. Píslarhugvekkjur		48
74. Passíu- og hugvekkjusálmar	1	
75. Graduale	2	
76. Krossskólareglur		32
77. Jonsbog	4	
78. Ólafs kóngrs sögur		32
79. Sjöorðabók		32
80. Upprisúsálmar		24
81. Handbók fyrir hvern mann		64
82. Eðlisútmálun		16
83. Kiste uden Hængsler	2	
84. Ditto med Laas og Nögel	4	

	rd.	sk.
85. Speil og Barberkniv		64
86. Speil i Kasse		64
87. Sort Klædeskjole	6	
88. Lerreds Törklæder 6 Stk.	3	
89. Einskefte 9 Alen	3	
90. Graut Klæde 1 Alen	1	32
91. Blaaf Lerreds Törklæde		56
92. Sort ditto med Bord		40
93. Skraae 3 Pund	1	
94. Tinskeer 2 Stk.		48
95. Hallgrímskver		48
96. Krosskólasálmar		24
97. Salomons Lofqvædu		32
98. Genesis sálmar		16
99. Leirkruise 2 Stk.		24
100. Underkopper 2 Stk.		24
101. Overkopper 2 ditto		24
102. Vadmal 3¾ Alen	1	39
103. Ditto 3 Alen	1	
104. Grovt Lerred 2¾ Alen		66
105. Sturms hugvekjur 1. Part		48
106. Ditto 3. Part		32
107. Flasker 2 Stk.		24
108. Hornskeer 9 Stk.	1	
109. Jærnbeslaaet Rejsekuffert	2	
110. En ditto	1	
111. To Bræde og nogle Stumper		64
112. Kasse med adskilligt		40
113. Kjöldtönde		64
114. Specier 6 Stk.	18	

	rd.	sk.
115. Smaacourant 1 rd. 46 sk.	2	92
116. Bæger		40
117. Rede Sölv 45 rdr.	67	48
118. Smaacourant 87 rd. 2 sk.	174	4
119. Rede Sölv 5 rd. 64 sk. i smaa	8	48
120. Belöbet af Boets Eiendele som ved Auction er bortsolgt	116	62
Tilsammen	669	29

Paa Tilspørgende erklærede Enkemanden at han ikke erindrede meer som burde bereignes Boet til Indtægt. Magnus Gudlaugssen modtog ved Registreringsforretningen 18 rdr. i Courant som Afslag paa den ham tilkommende Arv. Dernæst var den lille Pengekiste forseglet med Jon Einarsons Signet og afhændet Magnus Gudlaugsson som er pligtig at svare til den indtil Skifteslutningen, ligesom Jon Einarson er pligtig at svare til Boets øvrige Eiendele, og hermed var Forretningen sluttet.

Ut supra, Abel
 Enkemanden Jon Einarsson
 Paa Kristin Ögmundsdatters vegne Magnus Gudlaugsson
 Som Vidner og Vurderingsmænd Eiolvur Thorbjörnsson,
 Gudmundur Eriksson

3. Jón Jónsson í Góðvön

Jón fæddist árið 1810 í Árnessýslu og var kominn sem vinnumaður að Miðhúsum í Vestmanneyjum árið 1831, en fór ári síðar til Kemps faktors í Góðvön. Þar lést hann 9. janúar 1834 „af ofdrykkju“ eftir því sem fram kemur í prestsþjónustubók, sagður 23 ára gamall. Hann var borinn til grafar fjórum dögum síðar.⁶ Dánarbúið var skráð 11. janúar og uppboð haldið 5. júní en skipti fóru ekki fram, vafalaust vegna verslunarskuldar við Kemp sem nam 42 rd. 72 sk. Kistan hafði kostað 5 rd. 44 sk. og voru þá meðtaldir 12 sk. fyrir „Kjönrog“ til að lita hana svarta, en naglarnir kostuðu 24 sk. Prestur fékk einn ríkisdal fyrir sinn snúð.⁷

Fyrirfundnir fémunir í Götu eftir Jón Jónsson vinnumann herra faktors Kemp á Góðvön þann 11. janúar 1834:

	Í vöruverði	
	rd.	sk.
1. Ein ábreiða af bláu og grænu	2	48
2. Ein stígvél	1	
3. Tvær rekkvoðir stykkið á 64 sk.	1	32
4. Ein matrósahúfa		4
5. Blá vaðmálstreyja		48
6. Ditto gömul		16
7. Ditto klæðistreyja	1	
8. Eitt vaðmálsvesti fornt		8
9. Klæðisvesti blátt		32
10. Ditto ditto		80
11. Blákembdar langbuxur		24
12. Hvítar nærbuxur		20
13. Bláar klæðislangbuxur	2	48
14. Nýtt hálsnet		40
15. Svartur silkiklútur fornt		32
16. Hvít nærpeysa fornt		32
17. Ný skyrtu	1	
18. Ditto ditto		32
19. Hvítir sokkar óþæfðir		24
20. Ditto ditto hvítir óþæfðir		32
21. Ditto		20
22. Ditto mórâuðir		8
23. Hálf sokkar		8
24. Ditto		6
25. Bláir hálf sokkar		6
26. Tvennir blákembdir		12
27. Gömul skyrtu		20
28. Einn hattur		64
28. Annar ditto		24

	rd.	sk.
29. Kaskeiti		8
30. Ævisaga Bjarna Pálssonar		8
31. Einn brúsi og flaska		16
32. Ein kista lamalaus og gömul	1	48
	17	22

Vestmanneyjum þann 5. febrúar 1834
Eyjólfur Þorbjörnsson

* * *

Anno 1834 den 5. Junii blev afdöde Tjenestekarl Jon Jonsens Efterladenskaber ved offentlig Auction bortsolgt imod Betaling i Vareværdie som erlægges til Faktor Kemp inden denne Maanedes Udgang.

	rd.	sk.	
1. 1 Hat	16		Gisle Jonsen Presthus
2. 1 ditto	48		Faktor Kemp
3. 1 Par Støvler	80		Tærgesen
4. 1 Lagen	1		Jon Svendsen Kirkiubæ
5. 1 ditto	64		Gisle i Presthus
6. 1 gl. Trøje	20		Holmfrid i Hialle
7. Ditto ditto	24		Gudmund paa Oddstad
8. Ditto Buxer	8		Jon Svendsen Kirkiubæ
9. Ditto	4		Gudmund paa Oddstad
10. Blaae Trøye	3	64	Smed Sigurd Einarsen
11. Ditto Buxer	2		Ditto ditto
12. Ditto Vest	1	32	Geirmund Olafsen
			Oddstad

	rd.	sk.	
13. Skjorte	36		Oddur i Dölum
14. Ditto	8		Jon Svendsen
15. Ditto	1	4	Olaf Gudmundsen Kirkiubæ
16. Ditto	2	6	Jon i Háagarde
17. Vest og Kasket	34		Ditto
18. Vest	32		Ditto
19. 2 Par gl. ½ Strömper	10		Ditto
20. 1/1 og ½ Strömper	32		Gisle i Presthus
21. 1 Par Strömper	32		Snedker Tordur Jonsen
22. Ditto ditto	44		Ditto
23. 1 Hue	6		Jon Svendsen
24. Bruse og Flaske	24		Eiolf Hreppstyrer
25. Halsnet og Törklæde	52		Holmfride
26. 1 Bog	8		Gisle i Presthus
27. En Kiste	1	56	Ditto ditto
Tilsammen	16	92	

Hermed var Auctionen hævet
Datum ut supra, Abel
Eiolvur Thorbjörnson
Einar Sigurdsson

4.

Jón Oddsson í Þorlaugargerði

Jón fæddist árið 1795. Foreldrar hans voru Oddur Jónsson (f. 1759) og Margrét Jónsdóttir (f. 1769) sem árið 1801 bjuggu á Gafli í Villingaholtssókn. Árið 1816 var Jón kominn til Eyja sem vinnumaður í Ofanleiti og var þar næstu árin.⁸ Þann 28. júlí 1822 gekk hann að eiga Guðrúnu Hallsdóttur (f. 1794) úr Ólafsvallasókn í Árnessýslu. Þau bjuggu fyrst í Brekkuhúsi en lengst í Þorlaugargerði. Af tólf börnum þeirra lifðu Guðrún (1826–1916) og Jón (1834–1913), en hin létust fárra daga gömul úr ginklofa: Guðrún í mars 1822, Margrét í maí 1823, Anna og Margrét í maí 1824, Guðrún í maí 1825, Margrét í mars 1828, Jón í maí 1829, Snjófríður í júlí 1830, Halldór í nóvember 1831 og Þorbjörg í maí 1833. Jón Oddsson druknaði hjá Nausthamri 5. mars 1834, nokkru áður en yngsti sonur hans fæddist, ásamt þeim Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Gíslasyni, sagður 42 ára. Hann var jarðsettur 6. apríl.⁹ Dánarbúið var skráð 15. september og skipti fóru fram 27. september. Guðrún Hallsdóttir mætti þar með Eyjólf Þorbjörnsson sem lög-

ráðamann en Guðmundur Eyjólfsson var fyrir hönd barnanna tveggja. Eignir voru 970 rd. 70 sk., þar af 600 rd. í reiðufé, auk verulegrar inneignar hjá kaupmönnum, sem hvort tveggja var óvenjulegt. Kostnaður við uppskrift og skipti nam 19 rd. 83 sk. þannig að eftir urðu 950 rd. 83 sk. Engar skuldir hvíldu á búinu og fékk Guðrún helminginn. Að fráteknu $\frac{1}{2}\%$ í erfðaskatt af hlut barnanna fékk Jón 315 rd. $35\frac{2}{3}$ sk. og Guðrún 157 rd. $63\frac{5}{6}$ sk. Upphæðirnar voru síðan umreiknaðar í silfurverð og tók ekkjan að sumri komanda að sér að greiða 210 rd. 24 sk. vegna Jóns og 105 rd. 12 sk. vegna Guðrúnar, annað hvort í Jarðabókarsjóð eða með fyrsta veðrétti í fasteign. Hún gaf síðan dóttur sinni 94 rd. 84 sk. silfurverðs af eignum sínum svo hún fengi 200 rd., litlu minna en sonurinn. Ekki er útilokað að hún hafi sjálf skrifað undir skiptin, þótt rithöndin sé nokkuð lík rithönd lögráðamannsins.¹⁰ Hún hélt áfram búskap í Þorlaugargerði með bæði börnin og gekk 27. október 1836 að eiga fyrirvinnu sína Loft Jónsson (1814–1874), sem árið 1851 skírðist til mormónatrúar; þau fluttust öll til Vesturheims sex árum síðar og settust að í Utah.¹¹

Aar 1834 den 15. September mødte den ordinaire Skifteforvalter Sysselmand Abel med Vidner og Vurderingsmænd, Hrepstyrer Eiolf Thorbjörnsson og Forligelsescommissair Gudmund Eiolfsen paa Gaarden Thorlaugargerde for at foretage en lovlig Registrerings og Vurderings Forretning over afgt. Bonde Jon Oddsens og efterlevende Enke Gudrun Halsdatters fælleds Boe. Bemeldte Egtefolks sammenavlede Børn er en Søn Jon 6 Uger

gammel og en Datter Gudrun 8 Aar gammel. Som Formynder for disse umyndige Börn mödte den beskikkede Værge Gudmund Eiolfsen paa Nordurgard og som Laugværge for Enken mödte Eiolf Thorbjornsen paa Buastad, hvorefter Boet blev registreret og vurderet saaledes:

Nr.	rd.	sk.
1. Brækan	1	32
2. 2 Reckvodir	2	
3. Underdyne	1	64
4. Koddi		24
5. Malaqvurn med Stock	1	
6. Rockur	3	
7. 3 Askur		64
8. Smidiubælg		32
9. Rumstock		24
10. Loptfialir 7 Stk.		72
11. Pallfialir		48
12. 3 Vasskióli		48
13. Lagartunnu	1	32
14. Kyrnir		16
15. Hverfestein	1	
16. 3 Fialaskifur		48
17. Gl. Vadaslitur		80
18. Gl. Jarnskoblu		48
19. Klifberi og Klafar	1	16
20. Rekastaurar	6	
21. Kofin á Hladid	2	
22. Kroin med Staurum	11	
23. 3 Pottur	4	48
24. 5 Miölkutrog	1	32

Nr.	rd.	sk.
25. 5 Heymessur		64
26. 2 Kaggar	1	64
27. 2 Tunnur	1	32
28. 8 Hesta Reipi	4	
29. Vefstol	5	
30. Stedju	3	
31. 3 Quartlir	2	
32. 8 Strábands Háftunnur		32
33. Storvidarsaug	2	48
34. Gl. Kistu	2	
35. 6 Pund Lædur	4	
36. Handöxi og Skaröxi	2	
37. Færi, Hattur og Járngiörd	4	48
38. Langbuxer nye	1	48
39. Skirta og Nærbuxur	1	32
40. 3 Veste med Buxum og Ulpu	6	
41. 3 Liáar, Orf og Spigur		80
42. Kistustockur og gl. Skrine		48
43. Gl. Reidslu		32
44. 3 Fialustikkur		48
45. Skæmmu	20	
46. Skin og Skinklæder	7	
47. Kaggi og Rognspýtur		80
48. Kroe i Skipasandid	3	
49. Hrissa	8	
50. 2 Kýr	28	
51. 1 Qviga	10	
52. Vidalins Postilla 2 Partur	4	
53. Sturms Huvekjur 3 Partur		80
54. Nye Testamentid		32

Nr.	rd.	sk.
55. Graduali		16
56. Nye Psalmabok	1	
57. Passiu Psalmir		16
58. Lille Catechismus		24
59. Flockabok	2	
60. Karkambir		80
61. Kiste med Laas og Nögel	1	
62. 9 Faar med Lamb	22	48
63. 3 Ær med Lömb i Bjarnarey	7	48
64. 4 Saudir i Bjarnarey	10	
65. 6 Saudir i Alfsöe	15	
66. 15 Vetrargl. Kindur	30	
67. Í Peningum 200 Sp.	600	
68. 1 Saude i Sydurey	2	48
69. Tilgodehavende hos Factor Kemp	19	85
70. Tilgodehavende hos Faktor Bryde	87	33
71. Bordstöy og Spölkömur	2	
Summa	970	70

Paa Tilspörgende erklærede Enken og de Tilstædeværende at de ei vidste videre at beregne Boet til Indtægt, hvor denne Forretning blev hævet.

Actum ut supra, Abel
 Guðrún Hallsdóttir
 Eðjolvur Thorbiörnson
 Guðmundur Eðjolfsson

5.

Guðfinna Þorsteinsdóttir í Kornhól

Guðfinna var skírð 16. apríl 1766 og voru foreldrar hennar Þorsteinn Þórðarson (f. 1721) og Ingunn Þórðardóttir (f. 1729) á Strönd á Rangárvöllum. Hún var ein nýu vinnukvenna á prestssetrinu Odda árið 1801 og var árið 1816 komin til Eyja sem vinnukona í Dölum. Hún var vinnukona í Kornhól þegar hún lést 3. júlí 1834, sögð 69 ára gömul. Dánarorsakar er ekki getið og hún var jörðuð þremur dögum síðar.¹² Dánarbúið var skráð 8. júlí 1834 og uppboð haldið 30. október. Skipti fóru fram 3. desember. Erfingjar voru tvær systur hennar, Valgerður og Guðrún. Valgerður var kona Jóns Jónssonar bónda í Varmahlíð undir Eyjafjöllum en Guðrún gift Sæmundi nokkrum, bónda í Borgarfjarðarsýslu. Föðurnafn hans þekktu menn ekki. Kostnaður við skiptin nam 10 rd. 22 sk. og Guðfinna skuldaði Bryde faktor 8 rd. 85 sk. Hún hafði 21. apríl fengið sér fingurbjörg á 6 sk. og síðast 7. júní keypt sér rautt klæði og svart flauel fyrir 60 sk. en jafnframt hálft fjórða pund af rullutóbaki fyrir þrjá ríkisdali; hálftu þriðja pundi var skilað deginum eftir að hún

lést. Til útfararinnar voru tekin út skonrok og brennivín fyrir 1 rd. 56 sk., auk léreftsskyrtu á tvo dali. Að skuldu- um og kostnaði frádregnum voru eftir 36 rd. 23 sk. og fengu systurnar hvor sinn helminginn, sem umreikn- aðist í 12 rd. 8 sk. að silfurverði handa hvorri þeirra.¹³ Samdægurs var sýslumaður Borgarfjarðarsýslu spurður um Guðrúnu og Sæmund, og fylgdi arfurinn bréfinu. Svar lét bíða eftir sér og 17. október 1835 ítrekaði stift- amtmaður „hvort nokkur Guðrún Þorsteinsdóttir gift ein- hvörjum Sæmundi sé að finna í Borgarfjarðarsýslu, þar þvilíkri kvenpersónu sé af Vestmanneyja sýslumanni arfur úthlutaður eftir systur hennar“. Peningarnir voru sendir aftur með bréfi 7. mars 1836 með þeim rökstuðn- ingi að menn vissu ekki hvar erfingjarnir héldu sig, en síðan skýrðist málið og 30. nóvember 1836 skrifaði sýslumaður Borgfirðinga fyrir hönd barna Guðrúnar og spurði um upphæðina. Abel sendi þá peningana aftur með bréfi 1. ágúst 1837.¹⁴ Víst er að Guðrún var látin löngu fyrr eða árið 1822 og Sæmundur fimm árum áður, en börn áttu þau sjö sem flest voru á lífi.¹⁵

Ég undirskrifaður hefi með bóndanum Jóni Einarssyni yngra á Gjábakka þann 8. júlí 1834 fyrirtekið reglulega uppskrift og virðingu á eftirlátnum fémunum Guðfinnu Þorsteinsdóttur á Kornhól.

	rd. sk.
Föstupredikanir meistara Jóns Vídalíns	32
Annað kver lítið	4

	rd.	sk.
Sex spinnisnældur		6
Einn spinnirokkur með þremur snældum og snældustokki	3	
Lítill kassi með gleraugum, skærum, hnífi		16
Saumaður talerkur og þrír bollar		8
Tvær spilkomur		8
1½ lóð blásteinn		24
Kistill með bótarusli		24
Þrír askar		64
Tveir hlemmar		6
Kirna með hérum 12 pund smjör		72
Beðjardýna	1	48
Tvær rekkvoðir	1	
Brekán gamalt		48
Nærfat		24
Svart fat með upphlut		40
Annað ditto		32
Tvær skyrtur	1	32
Nýtt strigaforklæði		48
Tvö ditto		24
Tvennir sokkar bláir nýir		48
Tvennir sokkar svartir gamlir		16
Einir ditto gráir		16
Tvær húfur		48
Þrennir íleppar og tvennir vettlingar		24
Ein glastrúða og ein krukka		8
Öskjur		24
Ein kista	2	48
Rauðröndótt léreftsforklæði	1	16

	rd.	sk.
Blátt klæðisfat með rauðum skarlatsklæðis upphlut með silfurminlum og dökkum flugelsborðum aftan	3	
Blár vaðmálsniðurhlutur	2	
Ditto blátt með upphlut	2	
Blá peysa	1	
Blá klæðissvinta með silfurhnappi og fjórsett með dökkum flugelsborðum	3	
Dropótt léreftisforklæði		64
Blá peysa	1	
Gömul hempa		32
Fjórar álnir lérefti	1	32
Spegill		16
Höfuðfaldur		16
Rauðröndóttur klútur silkidreginn		64
Ditto bláröndóttur		48
Kragi		4
Dökkur silkiklútur með bláum bekkjum	1	4
Ditto með rauðum bekkjum		52
Ditto dökkur		16
Ditto léreftis		4
Flekkótt handlína		64
Eitt traf		48
Annað ditto		48
Hvítt léreftishorn og trefill		48
Lindi með silfurpörum	1	48
	38	26

Vestmanneyjum þann 8. júlí 1834

Eyjólfur Þorbjörnsson

* * *

Aar 1834 den 30. October indfandt Sysselmand Abel sig mod underskrevne Vidner i Garden for at afholde Auction over afgangne Gudfinna Thorsteinsdatters Efterladenskaber, imod Betaling som erlægges til Auctionsforvalteren i Vareværdi inden næstkommende November Maanedes Udgang og hvorved 1 Rbdr. rede Sölv bliver antaget som fuld Værdie for 9 sk. Vareværdie. Derefter tog Auctionen sin Begyndelse saaledes:

Nr.	rd.	sk.	
1. Fostuprekunir	42		Stigur Johnsson Breckhus
2. Litid Quer	16		Sigurd Johnsson Midhus
3. 6 Snældur	12		Assistent Bech
4. Spinne Rockur	2	84	Paull Jensen i Gerdi
5. Kassi med Rusli	14		Bech
6. Bollar	16		Helgi Johnsson Hialle
7. Tallerken	8		John Abel
8. 1½ Lod Blástein	48		Helga Bryde
9. Kistu med Botarusli	48		Johanna Johnsdatter Vilborgstad
10. 2 Askar	56		Faktor Bryde
11. 1 ditto	32		Ditto
12. 3 Hlemmir	8		Ditto
13. 12 Pund Smiör	1	16	Magnus i Elinarhus
14. Bediardýna	1	72	Bryde
15. 2 Reckvodir	1	48	Ditto
16. Gl. Brækan	1	18	Benedict Einarsson
17. Nærfat	40		Holmfriede
18. Svart Fat	36		Ditto
19. Annad ditto	36		Johanna Vilborgstad
20. Tvær skirtur	1		Gisle Asmundsson ibidem
21. 1 ditto	76		Hreppstyren

Nr.	rd.	sk.	
22. Nytt Striga forklædi	64		Johanna a Vilborgstad
23. 2 ditto	24		Ditto
24. 2ur Sockur	72		Arne Kemp
25. Sockar	32		Sigurd á Midhus
26. Ditto	32		Gudmund i Nordurgard
27. 2 Húur	52		Hreppstyren
28. 2 Ilepper og 3 Vetlingar	30		Gudlaug i Fagurhol
29. Glasrude og Krukke	10		Jon Gislason
30. Kista	2 48		Jon Abel
31. Oskjur	56		Bech
32. Raudrandat Forklædi	1 20		Ringsted
33. 4 Gæruskind	32		Pastor Austmann
34. Blat Klædis Fat med Upphlöt	5 20		Jon i Nordurgard
35. Nidurhlutir	4		Helgi Johnsen i Hialle
36. Upphlöt	3 44		Arne Kemp
37. Blá Peisa	1 56		Holmfridur
38. Blá Klædis Svintu	3 56		Jon Thorgeirsson
39. Drópat Forklædi	1 4		Helga Bryde
40. Blá Peisa	2 8		Jon Gislason
41. Gl. Hempa	72		Sigurd Vigfusson
42. Hofudfaldur	32		Holmfridur
43. Speil	32		Geirmund Oddstad
44. Raudrandat Klutur	64		Arne Kemp
45. Blá Randat ditto	64		Ringsted
46. Dockur Silkeklutur	1 4		Jon Abel
47. Ditto	1		Sigurd paa Midhus
48. Flekkat Handlin	1		Gudmund i Nordurgard
49. Traf	60		Arne Kemp

Nr.	rd.	sk.
50. Hvit Lerepts Horn og Trefill	40	Johanne paa Vilborgstad
51. Lindi med Silfurpöllum	4 16	Bryde
52. Kragi	8	Gudmund i Nordurgard
53. 2 gl. Klutu	48	Hreppstyren
54. Ruslu	32	Ditto
Summa	55 34	